

Vínátta í tónum og leikjum

Lokaskýrsla í formi vefsíðu:

Vínátta í tónum og leikjum – vefsíða verkefnisins er afrakstur þróunarverkefnisins sem styrkt var 2022 úr þróunarsjóði leik- og grunnskóla.

https://www.bornogtonlist.net/Vin%C3%A1tta_%C3%AD_t%C3%B3num_og_leikjum/

Stöðuskýrsla:

Við fórum af stað með þróunarverkefnið **Vínátta í tónum og leikjum** í september síðastliðinn. Við, Álfheiður og Þóra, Kársnesskóla og Birte, Urðarhóli höfum haldið utan um verkefnið. Samráðsfundur með öðrum kennurum sem koma að verkefninu var haldinn 22.september og verkefnið kynnt fyrir þeim með jákvæðum viðbrögðum. Við náðum að halda einn viðburð fyrir jóla, 5.október, á Rútstúni þar sem öll börn í 1.bekk og börn í elsta árgangi Urðarhóls hittust í 45 mínútna samveru. Börnin sungu saman í upphafi og lok samverunnar. Hópnum var blandað og þrískipt niður á þrjár mismunandi smiðjur sem allar innihéldu tónlistartengda leiki og kroppaklapp (body percussion). Eins konar hringekja var farin um túnið þar sem allir hóparnir komu í hverja smiðju. Börn og kennarar voru ánægð með stundina og veðrið lék við okkur þann dag.

Næsta samvera var áætluð 8.nóvember og átti hann að tengjast baráttudegi gegn einelti. Þar átti að skipta hópnum meira upp og virkja umsjónarkennara og leikskólakennarana til meiri þátttöku. Með minni hópnum var markmiðið að tengja betur börnin á milli skólastiga í söng og leik. Vinalög höfðu verið æfð á báðum stöðum en sökum mikilla covid-smita í hverfinu varð því miður ekkert af þeirri samveru.

Nú stendur yfir undirbúningur fyrir þriðju samveru og höfum við fundað tvisvar sinnum eftir jóla. Þriðji fundur verður haldinn 21.febrúar næst komandi. Samveran er áætluð 1.mars og verður á Rútstúni. Nemendur í 1.bekk sem og elstu börnin á Urðarhóli eru núna í vikunni að semja texta við lagboðann um Dýrin í Afríku (eitt erindi hvert). Við ætlum svo að læra textann frá hinum nemendunum og syngja lagið okkar saman. Einnig erum við að æfa önnur vinalög fyrir þessa samveru. Við gerum ráð fyrir sameiginlegum söng í upphafi og lokin en þess á milli verður stöðvavinna þar sem skólastigum verður blandað og nemendur fara á milli okkar þriggja í hina ýmsu vínátta- og söngvaleiki með hreyfingum..

Í lok mars munu Birte, Álfheiður og Þóra fara í heimsóknir á milli skólanna og hitta börnin í sínu umhverfi. Í lok apríl mun síðasta útisamveran fara fram í Ævintýraskóginum.

Eins er fyrirhugað að tengja heimsókn leikskólabarnanna á Urðarhóli í Kársnesskóla í maí við verkefnið. Þá munu allir nemendur hittast á sal og eiga saman góða stund.

Hér fyrir neðan má finna tímalínuna með dagsetningum og fleiri upplýsingum.

Tímalína verkefnis:

Álfheiður, Birte og Þóra fundir

20.september

22.september - fundað með kennurum 1.bekkar og kennurum á Urðarhóli

4.október

Netfundur

7.febrúar
Næsti fundur er boðaður 21.febrúar

Samverur

1.samvera - 5.október kl. 10:15-11:00 á Rútstúni

Lög fyrir fyrsta hitting

Upphafslag - allir

Verum kát og klökkum saman - ATH redda undirspili

Skipta í þrjá hópa

Birte - ná í skottið, dilla bossa - hjá fótboltavellinum

Þóra - Í rigningu/sólskini/snjókomu/rokinu ég syng - Í brekkunni

Álfheiður - Kroppaklapp + Gaman saman í allskonar veðri - Í horninu neðst austan megin

2.samvera 12.nóvember 10:15-11:00 á Rútstúni - féll niður

Planið var að tengja þennan hitting við Baráttudag gegn einelti.

Hittast á Rútstúni og fara í tónlistartengda leiki þar sem börn af ólíkum skólastigum voru saman í hóp.

Hafa minni hópar og þá fleiri til að tengja börnin betur. Stefnan var að virkja meira umsjónarkennara og aðra kennara á Urðarhóli í þessum hitting.

3.samvera 1.mars 10:15-11:00 á Rútstúni

Búa til vinalag, æfa önnur vinalög. Verum kát og klökkum saman, Ég sendi þér fingurkoss. flytja vinalagið saman, þrír hópar (þrískipt) og svo aftur saman í lokin. úti body perc

4.samvera - 26.apríl

Endanlega dagskrá óákveðin. Við munum þó syngja vinalagið sem við bjuggum til og margt fleira. Erum að stefna að því að vera í Ævintýraskóginum - útikennslusvæði Kársnesskóla og Urðarhóls.

5.samvera - lok maí

Samvera tengd leikskólaheimsókn í Kársnesskóla sem fer fram á sal skólans og á skólalóð.

Fyrirhugaðir heimsóknartímar á milli skóla sem henta öllum

Birte getur heimsótt Kársnesskóla á föstudögum 12:40-13:20

Þóra og Álfheiður geta heimsótt Urðarhól á þriðjudögum 10:00-11:20

Bestu kveðjur

Álfheiður, Birte og Þóra